


Samstarfssamningur um bætta stjórnarhætti

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, NASDAQ OMX á Íslandi og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti fyrirtækja og stofnana við Háskóla Íslands hafa komist að samkomulagi um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi munu aðilar samningsins veita, frá og með 1. mars 2011, öllum þeim fyrirtækjum sem svo kjósa tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda.

Rannsóknarmiðstöðin mun hafa það mat með höndum og mun matsferlið í meginatriðum byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX gefa út. Söfnun gagna mun vera í höndum ráðgjafafyrirtækja og annarra sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Þeim fyrirtækjum sem standast matsferlið verður veitt nafnbót þar að lútandi sem þau geta notað í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar.

Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX munu fyrir sitt leyti hvetja stjórnendur allra fyrirtækja til að undirgangast mat á stjórnarháttum þeirra. Að auki mun þessir aðilar, á grunni niðurstaðna matsins, veita fyrirtækjunum áður nefnda nafnbót og halda þannig merkjum þeirra á lofti sem eru öðrum fyrirmynd um góða stjórnarhætti.

Reykjavík, 15. febrúar 2011.



F.h. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti
Dr. Eypór Ívar Jónsson



F.h. Viðskiptaráðs Íslands
Finnur Oddsson



F.h. NASDAQ OMX á Íslandi
Páll Harðarson



F.h. Samtaka atvinnulífsins
Vilhjálmur Egilsson